



Áveitan

11. tbl. 18. árgangur. Nóvember 2024

MEISTARAMÓT ÞJÓTTANDA Í SKÁK

„sigurvegari í
meistaraflokki
hlýtur nafnbötina
„Þjóttandameistari í
skák 2024“.



FLÓASKÓLI

KL. 13

24 . 11 . 2024

Meistaramót Þjóttanda í skák verður haldið í Flóaskóla sunnudaginn 24. nóvember og hefst kl 13:00. Keppt verður í opnum flokki og meistaraflokki. Keppendur ráða í hvorn flokkinn þeir skrá sig, en opni flokkurinn er hugsaður fyrir minna vana og meistaraflokkurinn fyrir reyndari keppendur.

Þrír efstu í hvorum flokki fá verðlaunapeninga og sigurvegari í meistaraflokki hlýtur nafnbötina „Þjóttandameistari í skák 2024“.

Skráning fer fram á staðnum og er fólk beðið að mæta tímanlega svo hægt sé að byrja að tefla kl 13. Umhugsunartími er 10 mínútur á hverja skák, þeir sem eiga skákklukkur eru beðnir að hafa þær með, en annars verður notast við skákklukkuapp í síma.

Heitt á könnunni og vonandi spennuþrungin stemning á Meistaramóti Þjóttanda í skák 2024!

Sjáumst sem flest og á öllum aldri.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru lesendur Áveitunnar

Októbermánuður er alltaf stór og annasamur í sveitarstjórnarmálum og líður yfirleitt alltof hratt. Hinir ýmsu fundir, ráðstefnur og ársþing fara fram og sveitarstjórn byrjar vinnu sína við gerð fjárhagsáætlunar komandi árs og næstu þriggja ára þar á eftir.

Sveitarstjórn og starfsmenn skrifstofu Flóahrepps sóttu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í Reykjavík dagana 10.-11. október. Á ráðstefnunni voru mörg áhugaverð og gagnleg erindi um fjármál, rekstur og hin ýmsu málefni sveitarfélaganna. Samhliða fjármálaráðstefnunni sóttu sveitarstjóri og oddviti aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og Samtaka orkusveitarfélaga ásamt ársfundi Jöfnunarsjóðs. Fjármálaráðstefnan markar þau tímamót árlega að vinna og undirbúningur fjárhagsáætlunar næsta árs hefst.

Eitt af fyrstu skrefum fjárhagsáætlunargerðar er samtal sveitarstjóra við forstöðumenn stofnana og deilda innan sveitarfélagsins. Staða núverandi árs er greind og áherslur fyrir komandi ár lagðar. Nefndir á vegum sveitarfélagsins eru einnig beðnar um að koma með innlegg varðandi áherslumál í viðkomandi málaflokkum. Sveitarstjórn ákveður svo að lokum hvernig fara skuli með fjárheimildir næsta árs og skal samþykkt fjárhagsáætlun komandi árs, ásamt áætlun fyrir næstu þrjú ár þar á eftir, liggja fyrir í desember. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið. Fjárhagsáætlun næsta árs er

bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um allar fjárhagslegar ráðstafanir og áætlun næstu þriggja ára er heildaráætlun sem mótar áherslumál og stefnu til lengri tíma. Undir fjárhagsáætlun falla einnig viðhalds- og fjárfestingaverkefni á vegum sveitarfélagsins. Ljóst er að nokkurrar óvissu gætir í fjárhagsáætlun næsta árs vegna ófrágenginna samninga á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmanna Kennarasambands Íslands og er það von okkar að það leysist úr þeirri kjaradeilu á farsælan hátt. Verið er að kanna getu sveitarfélagsins til hinna ýmsu fjárfestingarverkfena sem snú að innviðum, skólum og frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Árþing SASS fór fram í Hveragerði 31. október – 1. nóvember. Á árþinginu fer fram hefðbundinn aðalfundur SASS og afgreiðsla fjárhagsáætlunar næsta árs fyrir landshlutasamtökin. Á þinginu eru einnig fluttir áhugaverðir fyrirlestrar og þingfulltrúar eiga samtöl um hin ýmsu málefni á sviði sveitartjónarmála. Ályktanir og tillögur frá nefndum sem starfa í aðdraganda árþingsins voru afgreiddar af þingfulltrúum og verður samantekt þar sem allar ályktanir koma fram birt á heimasíðu SASS á næstunni.

Flóahreppur fór í gegnum viðhaldsúttekt vegna jafnlaunakerfisins ÍST 85:2012 þann 7. október síðastliðinn. Innri úttekt fór fram 23. september 2024. Engin frábrigði komu í ljós í viðhaldsúttektinni en bent var á þrjú tækifæri.

Fasteignasvið sveitarfélagsins og verktakar vinna áfram inn í veturinn að því að sinna viðhaldsverkefnum í fasteignum sveitarfélagsins í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun fyrir árið 2024. Má þar nefna að búið er að laga stéttar við íþróttainngang og eldhús í Þingborg, settar hafa verið upp eftirlitsmyndavélar við Flóaskóla, Þjórásarver og Þingborg, verið er að laga rennur utaná Þingborg og unnið er að bættari hljóðvist í matsal í Þjórásarveri með hljóðdempandi loftaplötum. Verið er að koma upp nýjum varmadælum í Félagslundi til að draga úr húshitunarkotnaði þar. Þessu til viðbótar hafa starfsmenn komið upp bíslagi við starfsmannainngang í Flóaskóla, lagfært og endurnýjað lýsingu við Flóaskóla og stefnt er að því að klára

skjólveggi á útisvæði við smíða- og heimilisfræðistofu áður en veturinn skellur á.

Verktakar í vatnsveitu hafa unnið að nýtingum og fjárfestingaverkefnum til að styrkja veituna síðustu vikur og verða að áfram þar til veðurfar fer að hamla framkvæmdum. Einnig hafa verktakar verið að vinna að lagfæringum í sameiginlegri fráveitu í Brandshúshverfinu. Framkvæmda- og veitunefnd hefur unnið markvisst að forgangsröðun í fjárfestinga- og viðhaldsverkefnum á vatnsveitunni ásamt því að vinna að betri og nákvæmari kortlagningu á veitunni eins og legu veitunnar, kortlagningu á viðhaldi og nýframkvæmdum og fleira.

Kosningar til Alþingis verða laugardaginn 30. nóvember og er kjörstaður allra kjörgengra íbúa með lögheimili í Flóahreppi í Félagslundi. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst 7. nóvember en kjósendur geta kosið hjá Sýslumanni og komið svo utankjörfundaratkvæðum á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma en það er kjósandi sem ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði sínu á réttan stað.

60+ íbúar hafa haldið áfram að hittast reglulega í Þjórsvári og er þátttaka mjög góð og frábært að sjá hversu margir nýta sér þennan vettvang til að hitta aðra. Byrjað var á að bjóða upp á mat fyrir eldri íbúa í Flóahreppi í október og hefur það gengið vel og fjölgar jafnt og þétt í þeim hópi sem nýtir þessa þjónustu. Hægt er að velja um að sækja mat í mötuneyti Flóaskóla í Þjórsvári eða borða á staðnum. Gjald fyrir máltíðir fer eftir samþyktri gjaldskrá. Skráningar fara fram í gegnum ritara Flóahrepps, anna@floahreppur.is, eða í síma 480-4370 á opnunartíma skrifstofu. Það er í boði að skrá sig á ákveðna daga, frá 1x í viku og upp í 5x í viku þá daga sem nemendur Flóaskóla eru í skólanum.

Auglýst var eftir tilboðum í mokstur og hálkuvörnir á plönunum við stofnanir sveitarfélagsins og er stefnt að því að ganga frá samningi vegna þess í byrjun nóvember.

Sveitarfélagið vinnur eftir viðmiðunarreglum um snjómokstur

sem voru endurskoðaðar í nóvember 2023. Hér má nálgast reglurnar: <https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/uppfaerdar-vidmidunarreglur-um-snjomokstur-07112023-undirritad.pdf>

Flóahreppur, Vegagerðin og Hellisbúið eru enn með gildan samning um snjómokstur á tengivegum, héraðsvegum og heimreiðum í Flóahreppi. Fjórar vélar sinna mokstrinum á fjórum moksturssvæðum. Í október var farið yfir allar lögheimilisskráningar en eingöngu er mokað að bæjum þar sem er skráð lögheimili eða að atvinnurekstri ef sá aðili hefur óskað eftir því við sveitarfélagið. Rétt er að benda á að sveitarfélagið fer mismunandi leiðir í mokstri eftir ástandi hverju sinni. Stundum er farið í mokstur á öllum vegum sveitarfélagsins þ.m.t. heimreiðum, stundum eru bara helstu stofn- og tengivegir og lengstu héraðvegir mokaðir og stundum einungis skólaakstursleiðir. Það getur því komið fyrir að mokstursvélar fari framhjá afleggjara ef þeir hafa fengið fyrirmæli sveitarfélagsins um að moka t.d. bara skólaakstursleiðir.

Ef íbúar telja sig af einhverjum ástæðum þurfa að vera í forgangi í mokstri t.d vegna heilbrigðisþjónustu eða annarrar þjónustu eða starfa þá biðjum við þá íbúa um að setja sig í samband við sveitarstjóra: hulda@floahreppur.is eða í síma 480-4370 sem mun þá skoða málið.

Í byrjun október var haldinn vel sóttur íbúafundur um sameiginlega atvinnustefnu fyrir Flóahrepp, Árborg og Hveragerði. Hér má sjá frétt vegna fundarins: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/vel-sottur-ibuafundur-um-atvinnustefnu>

Næstu fundir sveitarstjórnar:

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps verða 5. nóvember og 19. nóvember í Þingborg og í beinu streymi.

Gámasvæði ÍGF:

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska->

[gamafelagid - sudurlandi/](#)

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta gáma á eigin vegum er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags og byggingarmála og umsjón með tæmingu rot-próa (Seyruverkefnið):

UTU er staðsett á Laugarvatni. Almennt netfang: utu@utu.is
Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00. Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara. Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480- 1180 Heimasíða: www.arnething.is

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnething.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnething.is

Húsvarsla í Þingborg og Félagslundir:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslundir og Þingborg. Andri Þór hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. janúar 2025.

Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-

fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókarí, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi og fasteignagjöldum: hafdis@floahreppur.is

• Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Frá Ungmennaráði Flóahrepps



OPÍÐ HÚS

- FIMMTUDAG 21.NÓV
- KL. 20:00-22:00
- Í ÞJÓRSÁRVERI
- PÍLUMÓT
- PIZZA Í BOÐI
- FYRIR 2008 OG ELDRI

1000KR
FYRIR
PIZZU

Fréttir frá Flóaskóla

Októbermánuður hófst með nemendaviðtölum þar sem nemendur fóru yfir afrakstur fyrsta þema vetrarins. Síðan tók við nýtt þema þar sem unnið er út frá grunnþættinum sköpun.

Nemendur á yngsta stigi eru að kynna sér himingeiminn, stjörnumerki og sögu geimferða. Þau munu ljúka sinni vinnu um miðjan nóvember með vasaljósaferð í Kolsholt. Á miðstigi er viðfangsefnið Afmælisveislan mín – grænu skrefin, eins og nafnið gefur til kynna þá eru nemendur að vinna að ýmiskonar verkefnum tengdum afmælisundirbúningi og eru með umhverfisvæn sjónarmið að leiðarljósi. Þeirra verkefni lýkur með kynningu fyrir samnemendur. Verkefni nemenda á elsta stigi er leiksýning og eru þau í óða önn að undirbúa leiksýninguna Stellu í orlofi. Sýningar verða síðustu vikuna í nóvember.



Nemendur í 5. bekk eru þessa daga að líma saman langspilin sín. Um miðjan mánuð fara þau svo að læra að spila á hljóðfærin.

Dansinn hefur dunað í Þjósárveri síðustu daga. Jón Pétur danskennari er búinn að vera í sinni árlegu heimsókn hjá okkur og hefur hann stýrt nemendum í rokk og ræl af stakri snilld. Uppskeruhátíð dansins var svo eftir hádegið 31. október þar sem foreldrum og aðstandendum bauðst að koma og fylgjast með og taka þátt í dansinum.



Föstudagurinn 8. nóvember er baráttudagur gegn einelti. Þann dag eru samkvæmt venju haldnir Vinaleikar í Flóaskóla. Þá hittast vinabekkir og verja saman tíma við nám og leik þar sem áherslan er lögð samvinnu og góð samskipti. Skipulag vina-bekkjanna er þannig að 1. og 6. bekkur vinna saman og helst sú samvinna alveg þar til bekkirnir eru í 5. og 10. bekk.

20. nóvember eigum við von á fulltrúum Landverndar því komið er að því að afhenda okkur nýjan grænfána.

Elsta stigið lýkur svo nóvembermánuði í Menningarferð í Reykjavík með skólunum í Uppsveitum Árnessýslu.

Í desember taka langspilnemendur í 5.-10. bekk þátt í metnaðarfullu verkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands. En þá taka þau þátt í jólatónleikum Sinfóníunnar í Hörpu. Fernir tónleikar verða haldnir helgina 14.-15. desember og hægt er að panta miða á [tix.is https://www.sinfonia.is/tonleikar-og-midasala/2024/12/15](https://www.sinfonia.is/tonleikar-og-midasala/2024/12/15). Þetta er mikill heiður fyrir langspilshópin okkar en jólatónleikarnir eru einhver stærsti viðburður Sinfóníuhljómsveitarinnar ár hvert og er miklu tjaldað til.

Kvenfélag Villingaholtshrepps hefur tilkynnt okkur að félagið ætli að færa skólanum veglega gjöf í tilefni 20 ára afmælis skólans. Gjöfin er 800.000 kr og er hugmyndin að hún gangi upp í kostnað við að kaupa klifurgrind á lóðina þar sem kastalinn var. En hann var rifinn í sumar enda orðinn lúinn og laskaður. Klifurgrindin er hugsuð til að efla alla okkar nemendur í hreyfifærni og undirbúa framtíðar skólahreystikappa af öllum kynjum. Upphæðin nær að greiða fyrir um það bil 1/3 áætlaðs kostnaðar. Við þökkum kvenfélaginu kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Pórunn Jónasdóttir



Leikfélag Selfoss
sýnir

LISTIN AÐ LIFA

Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur
Í leikstjórn Jónheiðar Ísleifsdóttur



Næstu sýningar

- | | |
|-----------|------------------------------------|
| 3. Sýning | Föstudaginn 1. nóvember kl 20:00 |
| 4. Sýning | Sunnudaginn 3. nóvember kl. 17:00 |
| 5. Sýning | Föstudaginn 8. nóvember kl. 20:00 |
| 6. Sýning | Sunnudaginn 10. nóvember kl. 17:00 |
| 7. Sýning | Föstudaginn 15. nóvember kl. 20:00 |
| 8. Sýning | Laugardaginn 16. nóvember kl 20:00 |

Miðaverð 3.500 kr.

Sýnt er í Litla leikhúsinu við Sigtún
Athugið takmarkaður sýningafjöldi

Miðapantanir á Tix.is

Upplýsingar á facebooksíðu Leikfélags Selfoss
og midasala@leikfelagsselfoss.is



Landeigendur ATH

Er að leita að jörð til sölu. Skoða allt.
Emil Ingi - s. 690-7801.

Áttu land sem leiðist?

- tækifærin í endurheimt votlendis -

Upplýsingafundur

mánudaginn 11. nóv., kl. 20:00

Þingborg, Flóahreppi

Dagskrá:

- *Tilgangurinn með endurheimt votlendis.*
Dr. Hlynur Óskarsson, LBHÍ
- *Hvað gerir Votlendissjóður?*
Ingunn Agnes Kro, form. Votlendissjóðs.
- *Vottuð framkvæmd.*
Helga J. Bjarnadóttir, sviðsstj. hjá EFLU.
- *Sölvaflatar: ávinningur, framkvæmd, áhrif á nærliggjandi jarðir.*
Ágústa Helgadóttir, líffræðingur hjá Landi og skógi.
- Spurningar gesta.

Kaffi og kruðerí.



Frá Umf Þjótanda

Félagar í Umf Þjótanda fá í nóvember rukkun fyrir árgjaldi félagsins inn á heimabanka sinn.

Árgjaldið er rukkað á eftirfarandi hátt:

Fyrir 1 - 2 félagsmenn 12 ára og eldri er rukkað inn 2000 kr á heimili.

Fyrir 3 félagsmenn eða fleiri 12 ára og eldri er rukkað inn 3000 kr á heimili.

Við hvetjum alla að greiða árgjöldin og hjálpa okkur þannig að halda starfi félagsins áfram öflugum.

Nánari upplýsingar um árgjaldið veitir Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri á netfangið harmagnu@gmail.com.



Fréttir frá Krakkaborg

Það er alltaf stuð og stemmning í leikskólanum. Nú á dögum hafa allir nemendur á elstudeild verið í danskennslu hjá honum Jóni Pétri enda er það orðin fastur liður á veturnar að hann komi til okkar. Nemendur eru fljótir að tileinka sér danssporin ásamt því að semja örfá ný til að setja sinn lit á dansinn.



Samturf á milli Krakkaborgar og Flóaskóla er komið á gott skrið og hafa elstu nemendur Krummadeildar farið í tvær heimsóknir í Flóaskóla. Í þessum heimsóknum er lögð áhersla á að nemendur kynnist aðstæðum og starfsfólki Flóaskóla. Góð reynsla er á þessu samstarfi og finna allir sem eiga í hlut að þetta samstarf myndi góða samfellu á milli skólastiga. Að auk

vinna báðir skólarnir saman í verkefninu Gullin í grendinni og hittast elstu nemendur Krummadeildar og 1.bekkur Flóaskóla í Skagás. Þar eru allskyns verkefni unnin en núna á haustdögum hafa nemendur verið í samvinnuverkefni með Skógræktarfélag Villingarholtshrepps og vinna nú að því að merkja göngustíga og búa til kort um svæðið í Skagás.



Framundan hjá okkur er búningadagur, Lubbi á afmæli en þá skellum við í smá lestarátak og lesum enn meira í leikskólanum og hvetjum til lesturs og virkrar hlustunar heima fyrir. Í nóvember er dagur eineltis en þann dag höldum við upp á afmæli Blæs og leggjum meiri áherslu á þann boðskap sem Blær ber með sér.

Bestu kveðjur úr Krakkaborg,
Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri



Matráður við leikskólann Krakkaborg, Flóahreppi

Matráður 75-100% staða

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og þar dvelja um 35- 50 nemendur á aldrinum 1 - 6 ára ásamt 18 starfsmönnum.

Helstu verkefni:

Annast matreiðslu, undirbúning, umgengni og frágang matvæla í eldhúsi og hefur gæði matar og næringargildi að leiðarljósi og gætir hagkvæmni í rekstri

Sér um gerð matseðla fyrir hvern mánuð. Þeir samræmist manneldis- markmiðum landlæknis, handbók fyrir leikskólaeldhús og næringarstefnu leikskólans.

Sér um innkaup fyrir mötuneyti leikskólans, fylgist með rekstrarstöðu mötun eytis hjá leikskólastjóra og leitast við að innkaup og skipulagningu séu sem hagkvæmust.

Hæfnikröfur:

Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Samstarfsvilji og sveigjanleiki

Áhugi, reynsla og hæfni í starfi

Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, stundvísi og áreiðanleika í starfi.

Góð íslensku og/eða ensku kunnátta

Launakjör og fríðindi í starfi:

Laun eru samkvæmt kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Stytting vinnuvikunnar

Starfið hentar öllum kynjum og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 6. nóvember 2024 og skulu umsóknir berast í gegnum <https://krakkaborg.leikskolinn.is/> eða í tölvupósti krakka-borg@krakkaborg.is. Nánari upplýsingar veitir Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri, sara@krakkaborg.is eða í síma 480-0151

AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS Í ÞINGBOG

FJÖLBREYTT OG SPENNANDI DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

HÚSÍÐ OPNAÐ
KL.18 DAGSKRÁ
HEFST 18:30

KAKÓBAR
ÓVÆNTIR GESTIR
HOHOHO



5

DESEMBER

FORSALA HEFST 21.NÓV
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA
Á FLOAHREPPUR.IS
TAKIÐ DAGINN FRÁ



Jólahlaðborð kúabænda í Flóa

Nautgriparæktarfélag Hraungerðishrepps og Flóamanna efna sameiginlega til ferðar á jólahlaðborð í Ingólfsskála í Ölfusi laugardagskvöldið 23. nóvember.

Formenn félaganna taka við pöntunum og veita nánari upplýsingar:

- Nautgriparæktarfélag Hraungerðishrepps: Ágúst á Brúna-stöðum, sími 899-5494
- Nautgriparæktarfélag Flóamanna: Bryndís í Dalbæ, sími 846-7188.

Allir kúabændur eru hvattir til að mæta og gleðjast saman yfir góðum mat og drykk. Eldri og yngri kynslóðirnar á bæjunum eru að sjálfsögðu velkomnar líka.

Stjórnirnar

Hrossaræktarferð

Hrossaræktarfélag Flóahrepps ætlar að fara í árlega haustferð laugardaginn 9. nóvember næstkomandi.

Farið verður á nokkur hrossabú, borðað saman og haft gaman. Farið verður af stað kl. 11:00 frá Þingborg. Reiknað er með komið verði til baka milli 20:00 og 21:00 á upphafsstað.

Áætlaður kostnaður er 5000 krónur á mann (fer eftir skráningu). Stjórn er að skoða það að borða saman í enda dags og greiðir hver fyrir sig.

Hægt er að skrá sig hjá :
Atla Geir í síma 898-2256
Ágústi Inga í síma 899-5494
hrff.stjorn@gmail.com.

Skráningu lýkur kl. 12:00 fimmtudaginn 7. nóvember, eru félagsmenn þó hvattir til að skrá sig sem fyrst til að auðvelda skipulagningu.

Vel heppnaðar framkvæmdir við Þórisvatnslón

Viðamiklar framkvæmdir fóru fram við Vatnsfellsstöð í sumar. Vatnsfellssturður var lagaður fyrir neðan lokuvirki Þórisvatnsmiðlunar, auk þess sem tjakkar voru endurnýjaðir í lokuvirkinu. Við reynum ávallt að sameina nokkur verkefni ef mögulegt er, til að lágmarka þann tíma sem þarf til að stöðva vélar eða loka mikilvægum aðveituleiðum.

Lungi framkvæmdarinnar fór fram á tímabilinu 21. júní til 20. júlí, þegar lónið var tæmt og vinnulokur settar niður, þótt undirbúningur hafi staðið yfir í marga mánuði þar á undan. Á meðan stöðin var ekki í rekstri var tíminn nýttur til umfangsmikils annars viðhalds.

Viðgerðin gekk mjög vel. Nýir tjakkar voru settir niður, steypuskemmdir lagaðar og skurðurinn bættur til muna.



Fallpípur tæmdar í Búrfelli

Vatn fyrir vélar Búrfellsstöðvar 1 kemur í gegnum tvær fallpípur sem ganga lárétt frá Bjarnalóni í gegnum Sámsstaðamúla og falla svo 120 metra niður að stöðvarhúsinu, þar sem þær taka 90 gráðu beygju og skiptast svo í þrjár greinar hvor; eina fyrir hverja vél.

Það er er því stór aðgerð að tæma þessar pípur til að geta haft eftirlit með innra byrði þeirra. Það var gert í sumar og þá kom í ljós að göngin og pípurnar sjálfar voru í mjög góðu ásigkomulagi.



Samhliða þessu verkefni var unnið í spennuvirki stöðvarinnar. Veggir á milli spenna voru hækkaðir til að geta betur tekist á við eld ef að hann kemur upp. Þessar úrbætur voru mögulegar þar sem margar vélar stöðvarinnar voru stöðvaðar á meðan fallpípan var tæmd.

Verkefni sem þetta er mjög flókið og umfangsmikið. Innlendir og erlendir verktakar komu að því, ásamt fjöldanum öllum af starfsfólki svæðisins og öðrum sérfræðingum úr fyrirtækinu.

Virkjunarleyfi í höfn fyrir Hvammsvirkjun

Orkustofnun gaf út virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun um miðjan september. Síðan þá hefur verið unnið að umsókn og útgáfu framkvæmdaleyfa hjá sveitarfélögunum, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þau leyfi komu um og eftir miðjan október. Þar með eru öll leyfi sem þarf til að hefja framkvæmdir komin í hús.

Unnið hefur verið að undirbúningsframkvæmdum í kringum Hvamm 3, sem er jörð í eigu Landsvirkunar við enda Hvammsvegjar. Hreinsunarstarf á svæðinu hefur gengið vel, en gamla íbúðarhúsið var fjarlægð ásamt útihúsum sem voru orðin illa farin. Framkvæmdir við Hvammsveg hafa einnig gengið mjög vel. Vegurinn hefur verið uppbyggður og endurnýjaður og lagður slítlagi.

Kynningarfundir um næstu skref framkvæmdanna verða haldnir í nóvember, þann 19. á Landhótelu í Rangárþingi ytra og þann 20. í Árnasi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þeir hefjast klukkan 17.30 og standa til kl. 19.

Farið verður yfir tímalínu framkvæmda, auk þess sem Vegagerðin kynnir næstu vegaf framkvæmdir.

Undirbúningur við Búrfellslund heldur áfram

Orkustofnun afgreiddi virkjunarleyfi vegna vindorkuvers við Vaðöldu (Búrfellslund) í ágústmánuði. Rangárþing ytra samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir fyrstu hluta verkefnisins í september, en það tekur til vegagerðar og annars undirbúnings. Undirbúningur getur því haldið áfram af fullum krafti. Hingað til hefur hann falist í jarðtæknirannsóknnum og slóðagerð.

Vegagerð hófst í september og mun ljúka næsta sumar. Útboð vegna mannvirkja-gerðar hefst í desember og stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist í apríl 2025.

Uppsetning vindmylla gæti þá hafist vorið 2026 og staðið yfir næstu tvö sumur eftir það.

Orkuslóð komin upp

Ný upplýsingaskilti voru sett upp á Þjórsársvæðinu í haust og bera þau nafnið Orkuslóð. Nú geta allir sem fara um svæðið stoppað á sjö stöðum til að fræðast um starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu og öryggismál sem tengjast henni.

Við vonumst til þess að þessi viðbót verði ferðafólki gagnleg. Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Orkuslóðin mun þróast áfram í framtíðinni eftir því sem þörf er á og notendur og hagsmunaaðilar hafa áhuga á.



Megum við húa í þig?

Við hjá Landsvirkjun viljum komast í samband við minni fyrirtæki, einyrkja eða einstaklinga sem gætu tekið að sér ýmis tilfallandi verkefni með skömmum fyrirvara á athafnasvæði okkar á Suðurlandi.

Við óskum eftir því að allt áhugasamt fólk, sem hefur hug á að vera á lista yfir tiltæka verktaka, skrái sig á sérstakri skráningarsíðu.

landsvirkjun.is/verktakar-oskast

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Skemmtinefnd efnir til "aðventuferðar" fyrir allar félagskonur fimmtudaginn 14. nóvember.

Við hittumst í Tískuvöruversluninni Lindinni kl 18:00 og borðum svo kvöldverð í Tryggvaskála.

Skráning og nánari upplýsingar á Facebook síðu félagsins.

Skráningarfrestur rennur út laugardaginn 9. nóvember.

Sjáumst sem allra flestar!

Skemmtinefndin

Glímufréttir

Haustmót Glímusambands Íslands fór fram á Laugum í Sælingsdal 5. október sl. Átti Umf Þjótandi þar 4 þátt-takendur sem svo skemmtilega vill til að öll eru systkini.

Óskar Freyr vann til tvennra bronsverðlauna, í +74 kg unglingaflokki karla og í +84 kg fullorðinsflokki karla.

Björgvin Guðni vann silfurverðlaun í 15 ára flokki drengja.

Gísli Svavar vann til gullverðlauna í 13 ára flokki drengja.

Kristín María vann til bronsverðlauna í 11 ára flokki stúlkna.

Glæsilegur árangur hjá þeim systkinum.



Kristín María, Gísli Svavar, Óskar Freyr og Björgvin Guðni Sigurðarbörn frá Loftstöðum.

60+ starf í Flóahreppi

Heil og sæl, nú er 60+ starfið hafið á fullu. Við hittumst á miðvikudögum á 3ja vikna fresti í Þjorsárveri. Boðið er uppá kaffi, te og "með því" ásamt því að hægt er að fara í pílu, billjard, borðtennis og fleira. Viðburðirnir eru frá kl.16-18 en húsið opnar kl.15:30 og er fólki velkomid að koma upp úr því. Næstu viðburðir eru þann 20. nóvember og 11. desember. Áhugasamir bætið ykkur endilega í Facebook hópinn "60+ félagsstarf í Flóahreppi"

Kær kveðja, nefndin

Dagskrá mánaðarins:

Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	1. nóvember
Listin að lifa - Leikfélag Selfoss	1. - 16. nóvember
Sveitastjórnarfundur	5. nóvember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	5. nóvember
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	8. nóvember
Hrossaræktarferð HRRF	9. nóvember
Messa í Hraungerðiskirkju	10. nóvember
Enduheimt votlendis - upplýsingafundur	11. nóvember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	12. nóvember
Aðventuferð Kvenf. Villingaholtshrepps	14. nóvember
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	15. nóvember
Sveitastjórnarfundur	19. nóvember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	19. nóvember
60+ hittingur í Þjorsárveri	20. nóvember
Ungmennaráð - Opið hús í Þjorsárveri	21. nóvember
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	22. nóvember
Jólahlaðborð Kúabænda í Flóa	23. nóvember
Meistaramót Umf Þjótanda í skák	24. nóvember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	26. nóvember
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	29. nóvember
Aðventuhátíð Flóahrepps	5. desember